

# Ársskýrsla 2012



LANDSBRÉF



---

## Efnisyfirlit

Metnaður með ábyrgð.....	4
Um Landsbréf hf.....	4
Lykiltölur úr rekstri.....	6
Árið í hnotskurn .....	7
Hlutverk og gildi.....	8
Starfsfólk.....	8
Stjórnarháttayfirlýsing.....	8
Stýring og eftirlit með áhættu.....	9
Sjóðir.....	9
Sérhæfðar fjárfestingar .....	10
Rekstrarumhverfi sjóða.....	10
Ársreikningur 2012.....	11

---

## Metnaður með ábyrgð

Landsbréf eru óðum að taka á sig nýja mynd. Stefnan hefur verið mörkuð, strengir stilltir og einvala lið starfsfólks vinnur að einurð að því að þjóna viðskiptavinum og stækka og efla félagið.

Landsbréf ætla sér að vera í fararbroddi virkrar eignastýringar og brúa bilið milli sparnaðar og fjármögnunar á öllum stigum, frá hugmynd til markaðar. Með því að tengja saman hagsmuni þeirra sem vilja ávaxta sitt fé og þeirra sem þurfa fé til uppbyggingar verða Landsbréf hreyfiafl í uppbyggingu íslensks atvinnulífs og samfélags.

Áhersla er lögð á frumkvæði og vöruþróun til þess að finna lausnir sem henta viðskiptavinum og viðfangsefnum þeirra hverju sinni.

Viðskiptavinir Landsbréfa verða að geta treyst því að farið sé með hagsmuni þeirra af ábyrgð, umhyggju og fagmennsku. Það traust ætla stjórn og starfsmenn Landsbréfa að ávinna sér með því að láta verkin tala á komandi misserum.

*Jón Steindór Valdimarsson, formaður stjórnar*

## Um Landsbréf hf.

Landsbréf eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Landsbréf hafa starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða og jafnframt til eignastýringar.

Landsbréf hf. voru stofnuð árið 2008 sem rekstrarfélag verðbréfasjóða. Árið 2010 keypti Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. félagið og varð það þar með dótturfélag þess og hluti af samstæðu Landsbankans. Þáttaskil urðu í rekstri félagsins þegar félagið keypti í mars 2012 í kjölfar hluta-fjárhækkunar allan sjóðarekstur rekstrarfélagsins Landsvaka hf., en það félag er jafnframt hluti af samstæðu Landsbankans. Starfsmenn Landsvaka voru ráðnir til starfa hjá félaginu samhliða þessum kaupum. Með kaupum á sjóðunum var ætlunin að styrkja félagið til sóknar á sviði sjóða- og eignastýringar og hefur verið unnið með markvissum hætti að þessu markmiði síðan. Ný stjórn kom að félaginu strax að loknum kaupunum og gengið var frá ráðningu Sigþórs Jónssonar sem nýs framkvæmdastjóra félagsins frá og með september 2012. Í maí var tilkynnt um að Landsbréfum yrði falið að vinna úr eignasafni Horns fjárfestingarfélags hf. Þann 11. september 2012 fengu Landsbréf hf. leyfi til eignastýringar og tók félagið á sama tíma yfir rekstur og stýringu eigna Horns fjárfestingarfélags hf. Samhliða voru allir starfsmenn Horns ráðnir til starfa hjá Landsbréfum.

---

## Stjórn

Í tengslum við kaup Landsbréfa á rekstri sjóða Landsvaka var ný stjórn kosin fyrir félagið, en framan af ári hafði óverulegur rekstur verið í því. Þannig urðu á árinu 2012 nokkrar breytingar á stjórn félagsins, en í árslok 2012 sátu eftirtaldir í stjórn:

### **Jón Steindór Valdimarsson,**

lögfræðingur, formaður stjórnar  
Jón Steindór er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hann var áður framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Jón Steindór var formaður stjórnar Landsvaka hf. áður en hann tók við formennsku í stjórn Landsbréfa hf. í byrjun apríl 2012.

### **Halldóra Guðrún Hinriksdóttir,**

forstöðumaður Verkefnastofu og stefnumótunar hjá Landsbankanum, meðstjórnandi  
Halldóra er með MBA próf frá Edinborgarháskóla með áherslu á stefnumótun og fjármál. Hún var áður forstöðumaður stjórnendaþjálfunar hjá Opna háskólanum í HR á árunum 2008 til 2011. Hún gegndi starfi verkefnastjóra hjá Glitni árin 2007 til 2008 en áður var hún ráðgjafi og þjálfari hjá Capacent og IMG eða frá 2001 til 2007.

**Helga Friðriksdóttir,** forstöðumaður Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans, meðstjórnandi  
Helga er með B.Sc. próf í vélaverkfræði frá Háskóla

Íslands og er forstöðumaður Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans. Helga var áður sérfræðingur hjá Fyrirtækjabanka Landsbankans og áður Landsbanka Íslands. Helga tók sæti í stjórn Landsbréfa í nóvember 2012.

**Kristinn Ingi Lárusson,** viðskiptafræðingur, framkvæmdastjóri On-Waves, meðstjórnandi  
Kristinn er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri On-Waves. Kristinn hefur setið í stjórn Landsbréfa síðan í apríl 2012 og sat fyrir þann tíma í stjórn Landsvaka hf. Kristinn hefur áralanga reynslu af fjármálamörkuðum.


### **Sigurbjörn J. Gunnarsson,**

framkvæmdastjóri Lyfju, meðstjórnandi  
Sigurbjörn er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA próf frá Edinburgh University Business School. Sigurbjörn hefur yfirgripsmikla reynslu af rekstri fyrirtækja og þátttöku í fjárfestingastarfsemi. Hann er nú framkvæmdastjóri Lyfju hf. og framkvæmdastjóri Áркаuра ehf. Sigurbjörn hefur setið í stjórn Landsbréfa síðan í maí 2012.


Jón Steindór, Kristinn Ingi og Sigurbjörn eru allir óháðir Landsbankanum og er meirihluti stjórnar félagsins óháður Landsbankanum.

# Lykiltölur úr rekstri


## Eigið fé Landsbréfa



## Eignir í stýringu hjá Landsbréfum



## Hagnaður Landsbréfa



---

## Árið í hnotskurn

### Fyrsti ársfjórðungur

Á fyrsta ársfjórðungi var félagið með óverulegan rekstur en þáttaskil urðu þann 15. mars þegar hlutafé félagsins var aukið og í kjölfarið var rekstur allra sjóða Landsvaka hf. keyptur. Samningur um þau kaup var undirritaður þann 22. mars að undan-gengu verðmati tveggja óháðra aðila og kom til framkvæmda þann 1. apríl 2012.

### Annar ársfjórðungur

Þann 1. apríl 2012 tók félagið við rekstri sjóða Landsvaka. Samhliða voru starfsmenn Landsvaka hf. ráðnir til starfa hjá félaginu og Ari Skúlason, fráfarandi framkvæmdastjóri, Landsvaka hf. tók við starfi framkvæmdastjóra Landsbréfa. Ný stjórn var kjörin þann 2. apríl 2012 og hana skipuðu þá þrír, þ.e. Jón Steindór Valdimarsson, formaður, og meðstjórnendurnir Guðlaug B. Ólafsdóttir, forstöðumaður Lögfræðiinnheimtu hjá Landsbankanum, og Kristinn Ingi Lárusson, framkvæmdastjóri. Félagið flutti starfsemi sína úr Hafnarstræti 5 í Borgartún 25 í lok maímánaðar.

Þann 11. maí var tilkynnt að Landsbréfum yrði falin stýring eignasafns Horns fjárfestingarfélags hf. Við þau tímamót tilkynnti Ari Skúlason að hann hafi komist að samkomulagi við stjórn félagsins um að láta af starfi framkvæmdastjóra og stjórn auglýsti starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar. Á hluthafafundi þann 14. maí 2012 var stjórnarmönnum fjölgað úr þremur í fimm. Stjórnina skipuðu þá þau Jóns Steindór Valdimarsson, formaður, og meðstjórnendurnir Hanna B. Hauksdóttir, Kristinn Ingi Lárusson, Sigurbjörn Jón Gunnarsson og Ragnildur Geirsdóttir. Hanna lét af störfum skömmu síðar og var Halldóra Guðrún Hinriksdóttir, forstöðumaður Verkefnastofu Landsbankans, kjörin í hennar stað. Var hún þá eini stjórnarmaðurinn sem taldist tengdur Landsbankanum. Þann 11. júní var tilkynnt um ráðningu Sigþórs Jónssonar í starf framkvæmdastjóra félagsins, en hann hafði þá um nokkuð skeið verið forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni hf. Vegna uppsagnarfrests Sigþórs gat hann ekki hafið störf fyrr en 1. september og gegndi Egill Darri Brynjólfsson, fjármálastjóri Landsbréfa, stöðu framkvæmdastjóra félagsins uns Sigþór kom til starfa.

### Þriðji ársfjórðungur

Þann 1. september kom Sigþór Jónsson til starfa sem framkvæmdastjóri. Þann 11. september fengu Landsbréf leyfi til eignastýringar frá Fjármálaeftirlitinu og strax í kjölfarið gekk í gildi rekstrar- og eignastýringarsamningur við Horn fjárfestingarfélag hf. um stýringu á eignasafni þess félags. Samhliða því var gerður ráðningarsamningur við starfsfólk Horns fjárfestingarfélags hf. Strax var hafist handa við stefnumótun félagsins og unnið að þróun nýrra afurða, meðal annars í tengslum við úrvinnslu á eignasafni Horns fjárfestingarfélags hf. Stofnað var nýtt teymi um þróun afurða á sviði sérhæfðra fjárfestinga og tók félagið upp nýtt skipurit í takt við breytingar á rekstri þess. Í kjölfar stefnumótunar mótaði félagið sér einnig nýtt hlutverk og ný gildi voru tekin upp.

### Fjórði ársfjórðungur

Á fjórða ársfjórðungi sagði Ragnildur Geirsdóttir sig úr stjórn Landsbréfa í framhaldi af því að hún var ráðin framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum. Í kjölfar þess var Helga Friðriksdóttir kjörin í stjórn félagsins á hluthafafundi sem haldinn var þann 21. nóvember 2012. Á fjórða ársfjórðungi var hlutast til um stofnun á samlagshlutafélaginu Horni II slhf., sem mun starfa á sviði framtaksfjárfestinga, og hófu starfsmenn sérhæfðra fjárfestinga þá þegar að kynna félagið fyrir mögulegum fjárfestum. Þá áttu Landsbréf þátt í stofnun Hvatningar slhf. í samstarfi við Horn fjárfestingarfélag hf. og Grím Sæmundsen forstjóra Bláa lónsins hf. Einnig var á fjórða ársfjórðungi stofnaður og hafin fjármögnun á framtakssjóðnum Landsbréf Icelandic Tourism Fund I sem mun einblína á fjárfestingar í nýsköpun í íslenskri ferðaþjónustu. Seint í desember tóku svo Öndvegisbréf til starfa, sem er nýr fjárfestingarsjóður sem fjárfestir bæði í skráðum og óskráðum íslenskum hlutabréfum.

---

## Hlutverk

Landsbréf er hreyfiafl sem með virkri eignastýringu brúar bilið milli sparnaðar og fjármögnunar á öllum stigum íslensks samfélags.

## Gildi

### Metnaður:

Verðum í fararbroddi í eignastýringu á Íslandi með vöruþróun, sölu og stýringu nýrra afurða.

### Lausnir:

Við finnum lausnir fyrir þá sem þurfa fjármögnun og sparnaðarleiðir. Þannig brúum við bilið milli sparnaðar og fjármögnunar á öllum stigum íslensks samfélags.

### Ábyrgð:

Viðskiptavinir sýna okkur það traust að fela okkur stýringu á eignum þeirra. Við mætum því trausti með ábyrgð, umhyggju og höfum teymisvinnu og upplýsingagjöf að leiðarljósi.

### Þekking:

Við greinum umhverfi okkar ítarlega og erum sérfræðingar sem miðla þekkingunni til viðskiptavina okkar og samfélagsins.

## Starfsfólk

Talsverðar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu, enda verulegar breytingar á starfsemi félagsins. Í árslok 2012 voru starfsmenn félagsins 15, en síðan þá hefur þeim fjölgað um þrjá. Þessar ráðningar endurspeglar að félagið er í örur vexti og spennandi tímar framundan í rekstri þess.

## Stjórnarháttayfirlýsing

Þessi stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa hefur að geyma lýsingu á stjórnarháttum félagsins. Markmið yfirlýsingarinnar er að stuðla að því að stjórnarháttir séu opinberir og með því lagður grunnur að gegnsæi í samskiptum milli félagsins, stjórnar þess, hluthafa og viðskiptavina. Landsbréf leggja áherslu á að viðskiptavinir, einkum þeir sem fjárfesta í sjóðum og félögum í rekstri hjá Landsbréfum, geti með einföldum hætti kynnt sér stjórnarhátti félagsins. Stjórnarháttayfirlýsingin er samin á grundvelli 19. gr. laga nr. 161/2002,

um fjármálafyrirtæki, sbr. 12. gr. laga nr. 75/2010 og við framsetningu hennar er höfð hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhátti fyrirtækja sem gefnar er út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (4. útgáfa mars 2012). Stjórnarháttayfirlýsingin er birt á heimasíðu Landsbréfa og þar er jafnframt slóð á framangreindar leiðbeiningar.

Landsbréf leggja áherslu á vandaða stjórnarhátti og telja þá skapa nauðsynlega umgjörð fyrir heilbrigðan og traustan rekstur fyrirtækisins til frambúðar. Landsbréf eru sjálfstætt fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi rekstrarfélags samkvæmt 7. tölul. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og hefur jafnframt leyfi til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 27. gr. sömu laga. Rekstri sjóðanna er hagað í samræmi við lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

Landsbréf eru dótturfélag Landsbankans. Félagið er ört vaxandi sjóðastýringarfyrirtæki sem leggur metnað sinn í fagleg og vönduð vinnubrögðum með það að markmiði að bjóða upp á fjölbreytt framboð fjárfestingakosta fyrir bæði almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Starfsmenn félagsins voru í árslok 2012 15 talsins, en 18 þann 22. mars 2013.

Landsbréf lúta opinberu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins, þar sem mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrar félagsins og að ganga úr skugga um að rekstur félagsins sé í samræmi við markmið þess og þær reglur sem um rekstur þess gilda. Stærstur hluti innra eftirlits og áhættustýringar er unninn innan félagsins sjálfs, en ákveðnum þáttum áhættustýringar, innri endurskoðun og regluvörslu er útvistað með sérstökum samningi til Landsbankans með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Reglulegar skýrslur eftirlitseininga eru lagðar fyrir stjórn til skoðunar.

Reikningsskil Landsbréfa fyrir árið 2012 voru unnin af Landsbankanum samkvæmt sérstökum útvistunarsamningi. Landsbankinn er jafnframt vörslufyrirtæki sjóða í rekstri Landsbréfa, sbr. II. kafla C laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Ytri endurskoðun er framkvæmd af KPMG ehf.



---

Stjórnarmenn Landsbréfa eru fimm talsins og jafnmargir til vara. Meirihluti stjórnarmanna er óháður Landsbankanum. Stjórn félagsins skipa: Jón Steindór Valdimarsson, en hann er formaður stjórnar, Halldóra Guðrún Hinriksdóttir, Helga Friðriksdóttir, Kristinn Ingi Lárusson og Sigurbjörn Jón Gunnarsson. Helga og Halldóra eru starfsmenn Landsbankans, en aðrir stjórnarmenn eru ótengdir Landsbankanum. Nánari upplýsingar um stjórnarmenn má finna á heimasíðu félagsins. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega og oftast ef þörf krefur. Á árinu 2012 voru haldnir 17 stjórnarfundir. Skrifstofustjóri Landsbréfa ritar fundargerðir á stjórnarfundum. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins, en þar má einnig finna samþykktir þess. Þar eru að auki birtar aðrar reglur sem félagið hefur sett um starfsemi sína, svo sem reglur um hæfi og hæfismat lykilstarfsmanna, reglur um hagsmunaaðrekstra, reglur um upplýsingar um viðskiptamenn, reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og siðasáttmáli Landsbréfa. Starfskjaranefnd er undirnefnd stjórnar, en hana skipa Jón Steindór Valdimarsson og Halldóra Hinriksdóttir.

Framkvæmdastjóri Landsbréfa er Sigbór Jónsson. Sigbór hóf störf í byrjun september 2012. Hann er viðskiptafræðingur að mennt og starfaði áður sem sjóðstjóri og síðustu ár sem forstöðumaður Sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni hf. Sigbór hefur sinnt framkvæmdastjórn og stjórnarsetum félaga í stýringu Stefnis hf. og sinnir nú stjórnun og framkvæmdastjórn í félögum í rekstri Landsbréfa hf. Sigbór á enga eignarhluti í Landsbréfum hf. né hefur hann gert kaupréttarsamning um kaup á hlutum í félaginu.

## Stýring og eftirlit með áhættu

Eftirlit með áhættu í rekstri Landsbréfa er margþætt og hefur stjórn Landsbréfa sett rekstrarfélaginu almennar áhættureglur sem unnið er eftir. Innra eftirlit og áhættustýring fylgist reglulega með eignastöðu þeirra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem félagið rekur og að sjóðirnir séu innan heimilda fjárfestingarstefnu og laga. Markaðsáhætta er metin reglulega með útreikningum á helstu áhættumælikvörðum. Rekstraráhætta er til staðar í allri starfsemi Landsbréfa og er hún metin reglulega og henni stýrt til að lágmarka fjárhagslegt tjón. Áætlun um samfelldan rekstur er prófuð og yfirfarin reglulega.

Innra eftirlit og áhættustýring sinna skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnenda og eftirlitsaðila í samræmi við lög og reglur um fjármálafyrirtæki.

## Sjóðir

Landsbréf annast rekstur á þrenns konar sjóðum: Verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestingsjóðum. Í lok desember 2012 voru 20 sjóðir í rekstri félagsins, þar af þrír í slitaferli, og nam hrein eign þeirra rúmum 56 milljörðum króna. Í árslok voru hlutdeildarskírteinishafar í sjóðum Landsbréfa tæplega 10 þúsund.

Í fjárfestingarráðum sjóða sitja sjóðstjórar auk framkvæmdastjóra Landsbréfa og staðgengils framkvæmdastjóra. Í fjárfestingarráði eru teknar ákvarðanir um hvar sjóðirnir staðsetja sig innan sinna heimilda. Sjóðstjórar framfylgja ákvörðunum fjárfestingarráðs og fjárfesta fyrir innstreymi fjár og selja fyrir innlausnum. Í verðmatsnefndum sjóða fer fram verðmat á óskráðum eignum. Í verðmatsnefndum sitja auk sjóðstjóra staðgengill framkvæmdastjóra og starfsmaður innra eftirlits hefur áheyrn.

Landsbréf stofnuðu einn nýjan sjóð á árinu sem ber nafnið Landsbréf - Öndvegisbréf. Landsbréf – Öndvegisbréf er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í hlutabréfum. Hann hefur heimildir til stöðutöku bæði í skráðum og óskráðum hlutabréfum.

Verðbréfasjóðir í virkri stýringu Landsbréfa eru nú tíu og skiptast þeir í skuldabréfasjóði, ríkis-skuldabréfasjóði og hlutabréfasjóði.

Þrír fjárfestingarsjóðir og fjórir fagfjárfestingsjóðir eru einnig í virkri stýringu hjá félaginu.

## Sjóðir í slitaferli

Í lok árs voru þrír sjóðir í slitaferli. Fjárfestingarsjóðurinn Fyrirtækjabréf Landsbankans hefur verið lokaður frá október 2008 og í slita-meðferð frá því í janúar 2009. Fagfjárfestingsjóðirnir Landsbanki Currency Fund og Landsbanki Structured Finance III eru í slitaferli. Tveimur fagfjárfestingsjóðum var slitið á árinu, annars vegar Landsbanki Mezzanine Fund og hins vegar Landsbanki Absolute Return Strategies.

---

## Sérhæfðar fjárfestingar

Starfsemi sérhæfðra fjárfestinga var eflað mikið á árinu 2012. Landsbréf tóku yfir rekstur og starfsfólk Horns fjárfestingarfélags hf. haustið 2012, en sú starfsemi fellur undir svið sérhæfðra fjárfestinga. Nýtt teymi tók við stýringu þeirra sjóða sem voru hjá Landsbréfum, en einnig er unnið að auknu vöruúrvali sérhæfðra fjárfestinga sem nánar er fjallað um hér að neðan. Framundan er því áframhaldandi uppbyggingarstarfsemi í sérhæfðum fjárfestingum.

### Fagfjárfestasjóðir

Í rekstri Landsbréfa um áramót voru sex fagfjárfestasjóðir, þar af þrjár í slitafærli, og dróst starfsemi þeirra töluvert saman á árinu 2012. Á fjórða ársfjórðungi var unnið að stofnun nýrra fagfjárfestasjóða sem taka til starfa á árinu 2013.

### Samlagshlutafélög

Landsbréf hafa á árinu 2012 stofnað og hafið undirbúning að stofnun nokkurra samlagshlutafélaga um fjárfestingar. Þar ber helst að nefna stofnun Horns II slhf. sem er framtakssjóður sem fjárfestir í íslensku atvinnulífi. Horn II slhf. mun hefja starfsemi á fyrri árhelmingi 2013 og er áætluð stærð sjóðsins 4 – 8 milljarðar króna. Einnig er unnið að fjármögnun framtakssjóðs sem ætlað er að fjárfesta í nýsköpun og uppbyggingu íslenskrar ferðaþjónustu. Sá sjóður heitir Landsbréf Icelandic Tourism Fund I (ITF I). Mun sjóðurinn einnig taka til starfa á fyrri árhelmingi 2013 og er áætluð stærð hans 1,5 – 2,5 milljarðar króna.

## Rekstrarumhverfi sjóða

### Innlendir hlutabréfasjóðir

Á árinu 2012 voru þrjú ný félög skráð á hlutabréfamarkað og hefur stærð, velta og dýpt markaðarins aukist frá fyrra ári. Nokkur félög stefna að skráningu á árinu 2013. Úrvals-vísitalan hækkaði um 16,5% á árinu 2012 og hefur hlutabréfamarkaður því sýnt töluvert styrkleikamerki á árinu. Það má segja að eftirköst af hruni hans á árinu 2008 séu að dofna.

Töluvert flæði var inn í hlutabréf og hlutabréfasjóði á árinu og stækkaði til að mynda sjóðurinn Landsbréf - Úrvalsbréf um 94% prósent og var ávöxtun sjóðsins 21,2%. Landsbréf stofnuðu einnig nýjan sjóð á árinu 2012, Landsbréf – Öndvegisbréf, sem er ætlað að bæta flóru hlutabréfasjóða hjá félaginu og gera hinum almenna fjárfesti kleift að taka þátt í fjárfestingum í góðum, óskráðum hlutafélögum, en

það er einmitt spá félagsins að töluverðir fjármunir fari í nýfjárfestingar á hlutabréfamarkaði á árinu 2013.

### Innlendir skuldabréfasjóðir

Skuldabréfamarkaðurinn hefur einkennst af lítilli útgáfu ríkistryggðra bréfa og hefur útgáfa ekki náð að halda í við vaxtagreiðslur og afborganir. Töluvert hefur verið gefið út af sértryggðum bréfum og einhverjar útgáfur eru fyrirhugaðar. Skuldabréfaútgáfa sveitarfélaga var töluvert á árinu 2012 og hafa þau flest náð að fjármagna sig á ágætum kjörum, sum hver í gegnum Lánasjóð sveitarfélaga. Markaður með skuldabréf fyrirtækja er lítill sem enginn og hafa fá félög lagt í útgáfu.

Skuldabréfasjóðir Landsbréfa sýndu góða ávöxtun á árinu og var sjóðurinn Landsbréf – Sparibréf löng til að mynda með hæstu ávöxtun allra ríkistryggðra sjóða, eða 6,3%. Innflæði í skuldabréfasjóði félagsins var nokkuð á árinu og stækkuðu skuldabréfasjóðir félagsins um 16%.

### Erlendir hlutabréfasjóðir

Efnahagsmál hafa verið í brennidepli beggja vegna Atlantshafsála á árinu 2012 og lauk árinu með samkomulagi á bandaríska þinginu um tímabundna frestun á hækkun skatta og miklum niðurskurði í ríkisútgjöldum sem annars átti að taka gildi 1. janúar 2013. Mikil óvissa hefur einkennt efnahagsmál í Evrópu og efnahagur margra landa er slæmur. Hagvaxtartölur og aðrar mikilvægar hagstærðir hafa ekki þróast með hagstæðum hætti og eru spár ekki bjartsýnar á að ástandið batni í nánustu framtíð. Mikið atvinnuleysi, miklar skuldir hins opinbera og lágar hagvaxtarspár eru raunveruleiki sem blasir við stjórnmalamönnum í mörgum löndum. Þrátt fyrir þetta voru töluverðar hækkunar á erlendum hlutabréfamörkuðum á árinu 2012 og hafa þær hækkunar haldið áfram á árinu 2013. Sem dæmi um hækkun á erlendum mörkuðum árið 2012 má nefna að hlutabréfasjóðurinn Landsbréf – Nordic 40 var sá íslenski verðbréfa- eða fjárfestingarsjóður sem sýndi besta ávöxtun á árinu 2012, eða 28,3% í íslenskum krónum. Sá sjóður er vísitölusjóður og fjárfestir eins og nafnið gefur til kynna í hlutabréfum í norrænu vísitölu N40.

Landsbréf hf.

Ársreikningur 2012

Landsbréf hf.  
Borgartún 25  
105 Reykjavík

## Efnisyfirlit

A-hluti	Bls.	B-hluti	Bls.
<b>Ársreikningur rekstrarfélagsins</b>		<b>Ársreikningur Fjárfestingarsjóða</b>	28
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3-4	Rekstrarreikningur.....	29
Áritun óháðs endurskoðanda.....	5	Efnahagsreikningur.....	30
Rekstrarreikningur.....	6	Yfirlit um breytingar á hreinni eign.....	31
Efnahagsreikningur.....	7	Skýringar .....	32-37
Sjóðstremisýfirlit.....	8		
Skýringar .....	9-13		

## B-hluti

<b>Ársreikningur Verðbréfasjóða</b>	14
Rekstrarreikningur.....	15
Efnahagsreikningur.....	16-17
Yfirlit um breytingar á hreinni eign.....	18
Skýringar .....	19-27

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Landsbréf hf. eru rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og er tilgangur félagsins að annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar í samræmi við starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Félagið hefur einnig starfsleyfi til að sinna eignastýringu fyrir aðra og stýrir samkvæmt því einkum eignum hlutafélaga og samlagshlutafélaga sem stofnuð hafa verið í kringum framtaksfjárfestingar. Ársreikningur Landsbréfa skiptist í tvo hluta, A- og B-hluta. A-hluti hefur að geyma ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs en B-hluti ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingasjóða sem voru í rekstri hjá Landsbréfum. Þessi framsetning er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Landsbréf er dótturfélag Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. sem er 100% í eigu Landsbankans hf. og því er A-hluti ársreiknings Landsbréfa hluti af samstæðureikningi Landsbankans en B-hluti hans ekki vegna eðlis starfsemi þeirra sjóða sem Landsbréf reka.

Hluthafar Landsbréfa eru tveir og þar af á Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. 99,9% hlut og var engin breyting á hluthöfum félagsins á árinu.

## Rekstur ársins 2012

Hagnaður af rekstri félagsins nam 7 milljónum króna samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé Landsbréfa í árslok nam 686 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 78,68% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum. Stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður og að hagnaði ársins 2012 verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé félagsins.

Þáttaskil urðu í rekstri félagsins þann 22. mars 2012 þegar stjórn Landsbréfa skrifaði undir samning við Landsvaka hf. um kaup á rekstri allra sjóða Landsvaka. Kaupverð sjóðanna var 530 milljónir króna og var þar höfð hliðsjón af verðmati tveggja óháðra aðila. Samhliða kaupunum var eigið fé Landsbréfa aukið um 660 milljónir króna. Landsbréf hafa gert sambærilegan útivistunarsamning við Landsbankann og Landsvaki hafði. Sjóðirnir voru færðir til Landsbréfa um mánaðamótin mars-apríl, en fram að þeim tíma var rekstur Landsbréfa óverulegur.

Þann 11. maí 2012 tilkynnti eigandi félagsins, Landsbankinn hf., að ætlunin væri að færa rekstur og stýringu eignasafns Horns Fjárfestingarfélags hf., sem einnig er dótturfélag Landsbankans, til Landsbréfa. Við þessi tímamót lét Ari Skúlason af starfi sem framkvæmdastjóri félagsins og í kjölfarið tók Egill Darri Brynjólfsson sæti framkvæmdastjóra til bráðabirgða eða uns Sigþór Jónsson hóf störf sem framkvæmdastjóri þann 1. september 2012.

Þann 11. september 2012 fengu Landsbréf leyfi til eignastýringar frá Fjármálaeftirlitinu. Í kjölfarið gerðu Landsbréf og Horn Fjárfestingarfélag hf. með sér eignastýringar- og rekstrarsamning þar sem Landsbréf tóku að sér stýringu eigna Horns. Jafnframt voru allir starfsmenn Horns Fjárfestingarfélags hf. ráðnir til starfa hjá Landsbréfum.

Í árslok 2012 önnuðust Landsbréf rekstur 20 sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Stærð sjóða og félaga í stýringu hjá Landsbréfum nam 82,3 milljörðum króna samanborið við 61 milljarð hjá Landsvaka hf. í árslok 2011.

Landsbréf bjóða mjög breitt úrval skuldabréfasjóða og skiluðu þeir góðri ávöxtun á árinu. Til að mynda var sjóðurinn Landsbréf – Sparibréf löng með hæstu ávöxtun allra ríkistryggðra sjóða á Íslandi eða 6,3%. Aðrir skuldabréfasjóðir gáfu góða ávöxtun í samanburði við sambærilegra sjóði hjá samkeppnisaðilum. Stýring sjóðanna gekk því mjög vel á árinu. Innflæði í skuldabréfasjóði félagsins var nokkuð á árinu og stækkuðu þeir um 16%.

Innlendur hlutabréfamarkaður tók töluverðum breytingum á árinu 2012 við að þrjú ný félög voru skráð í kauphöll. Í kjölfarið hefur stærð, velta og dýpt markaðarins aukist töluvert. Hlutabréfasjóðir Landsbréfa stækkuðu á árinu og stækkaði sjóðurinn Landsbréf - Úrvalsbréf til dæmis um 94% prósent. Í lok árs nam hann 6,1 milljarði króna. Landsbréf stofnuðu fjárfestingasjóðinn Landsbréf - Öndvegisbréf undir lok ársins og var hann 1,3 milljarðar að stærð við árslok. Landsbréf - Öndvegisbréf fjárfesta í hlutabréfum sem skráð eru í kauphöll hér á landi, en hafa einnig heimildir til að fjárfesta í óskráðum íslenskum hlutabréfum.

Erlendir hlutabréfamarkaðir skiluðu almennt mjög góðri ávöxtun á árinu 2012 og var verðbréfasjóðurinn Landsbréf – Nordic 40 sá íslenski verðbréfa- eða fjárfestingasjóður sem sýndi besta ávöxtun á árinu 2012 eða 28,3 prósent í ISK. Sá sjóður er vísitölusjóður og fjárfestir eins og nafnið gefur til kynna í hlutabréfum í norrænu vísitölunni N40.

Landsbréf - Eignabréf voru eini blandaði sjóðurinn í rekstri Landsbréfa árið 2012. Sjóðurinn er fjárfestingasjóður sem var stofnaður á árinu 2011.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

Á árinu var mörkuð sú stefna að leggja aukna áherslu á sérhæfðar fjárfestingar og seinni hluta ársins 2012 var unnið að ýmsum verkefnum á því sviði. Gert er ráð fyrir að þau verði kynnt sérstaklega á fyrri árshelmingi 2013. Úrvinnsla á eignasafni Horns Fjárfestingarfélags hf. er hluti af þessum verkefnum. Til sérhæfðra fjárfestinga teljast einnig nokkrir sjóðir sem keyptir voru af Landsvaka. Rekstur eins þeirra, Landsbanki Private Equity II, fluttist til Íslandssjóða á fjórða ársfjórðungi. Sérhæfðar fjárfestingar annast eignastýringu fyrir aðra og þar undir fellur meðal annars eignasafn Horns Fjárfestingarfélags hf. Eignir í stýringu hjá sérhæfðum fjárfestingum voru í árslok alls 29,4 milljarðar króna.

## Horfur

Árið 2013 hefur farið vel af stað í rekstri Landsbréfa. Ávöxtun bæði hlutabréfa og skuldabréfa hefur verið góð og eru engin sérstök merki um annað en að rekstur Landsbréfa eigi eftir að ganga vel á árinu. Það þarf þó að hafa í huga að nokkur óvissa er í íslensku efnahagslífi. Rekstur Landsbréfa tekur eðli máls nokkuð mið af því hvernig þróun verður í efnahagslífinu almennt hér á landi, en tekjugrunnur félagsins er traustur og reksturinn stöðugur. Unnið er að þróun ýmissa nýrra afurða sem gera má ráð fyrir að geti enn frekar styrkt tekjugrunn félagsins á árinu 2013 sem og til næstu ára.

## Áhættustýring og óvissuþættir

Félagið er með virka áhættustýringu eins og lög gera ráð fyrir. Áhættu er stýrt af félaginu sjálfu en nokkur verkefni á sviði áhættustýringar eru unnin hjá Landsbankanum samkvæmt útivistunarsamningi. Landsbankinn sér einnig um innra eftirlit og regluvörslu. Félagið vinnur stöðugt að því efla áhættustýringu sína og áhættuvitund meðal annars með því að endurskoða reglulega alla verkferla og vinnulýsingar og með því að virkja starfsmenn félagsins til að fylgjast með áhættu í starfsemi félagsins. Nánar er fjallað um áhættustýringu félagsins í skýringum með ársreikningi.

Helstu óvissuþættir í rekstri félagsins tengjast rekstri sjóða sem félagið tók yfir af Landsvaka. Þannig hafa Landsbréf tekið yfir fyrrsvar vegna dómsmáls sem Kaupþing hf. hefur höfðað á hendur Landsbanki Structured Finance III til greiðslu afleiðuskuldar, í því máli hefur Kaupþing hf. hafnað skuldajöfnun sem félagið fyrir hönd sjóðsins hefur farið fram á. Þó Landsbréf séu ekki í fjárhagslegri ábyrgð vegna skuldbindinga sjóðanna eða krafna á hendur þeim felst nokkur orðsporsáhætta vegna málarekstrar af þessum toga. Með sama hætti hefur rekstur Landsbanki Aquila Real Estate Fund (LAREF) reynt umfangsmeiri og kostnaðarsamari en gert var ráð fyrir, en stór hluti af eignum hans eru í Tyrklandi.

Gjaldeyrishöftin hér á landi valda eðli máls samkvæmt vandvæðum við stýringu erlendra sjóða og setja gjaldeyrishömlur nokkrar skorður við þróun afurða í erlendri mynt.

## Meðferð rekstrarniðurstöðu

Stjórnin vísar til ársreiknings varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins þann 31. desember 2012.

Stjórn og framkvæmdastjóri Landsbréfa hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2012 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 21. febrúar 2013

Stjórn



Framkvæmdastjóri





# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsbréfa hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsbréfa hf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum: A-hluti, sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem er fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar um rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 21. febrúar 2013

KPMG ehf.



# Rekstrarreikningur 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýslupóknun .....	1,4	438.381	3.516
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	2	4.744	(105)
		<u>443.125</u>	<u>3.411</u>
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>			
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	147.933	21.510
Annar rekstrarkostnaður .....	4	260.002	10.601
Sölutap rekstrarfjármuna .....		0	516
Afskriftir .....	5, 6	26.500	209
		<u>434.435</u>	<u>32.836</u>
<b>Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir tekjuskatt .....</b>		8.690	(29.425)
Tekjuskattur .....	8	(1.742)	5.881
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>		<u>6.948</u>	<u>(23.544)</u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
<b>Eignir</b>			
Viðskiptavild .....	1.6, 6	503.500	0
Verðbréf með breytilegum tekjum .....		4.049	0
Skatteign .....	1.8, 8	9.019	10.761
Viðskiptakröfur .....	1.5	200.984	3
Handbært fé .....		76.287	8.719
<b>Eignir samtals</b>		<u>793.839</u>	<u>19.482</u>
		<b>31.12.2012</b>	<b>31.12.2011</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		34.000	33.000
Yfirverðsreikningur .....		688.000	29.000
Ójafnað eigið fé .....		(36.147)	(43.095)
<b>Eigið fé samtals</b>	9	<u>685.853</u>	<u>18.905</u>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....		107.986	577
<b>Skuldir samtals</b>		<u>107.986</u>	<u>577</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>793.839</u>	<u>19.482</u>



# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið

Landsbréf hf. er rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Ársreikningur Landsbréfa hf. skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær til rekstrarfélagsins, B-hluti nær til Verðbréfasjóða, Fjárfestingarsjóða og Fagfjárfestingsjóða Landsbréfa hf.

Í lok árs annaðist Landsbréf hf. rekstur 20 sjóða. Gengi flestra sjóða er reiknað daglega og geta fjárfestar keypt hluti í sjóðunum og fengið hlutdeildarskírteini til staðfestingar á eign sinni. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum.

Landsbréf hf. er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og fer starfsemi þess fram að Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Félagið er dótturfélag Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. sem er í 100% eigu Landsbankans hf. en bankinn hefur aðsetur að Austurstræti 11, 101 Reykjavík.

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn inniheldur A- og B-hluta Landsbréfa hf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur um rekstrarfélög verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum.

### 1.2 Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þessara liða sé gert samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.3 Samstæðureikningur

Ársreikningur Landsbréfa hf. A-hluta er hluti af samstæðureikningi Landsbankans hf. Ársreikningur Landsbréfa hf. B-hluta er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

### 1.4 Umsýsluþóknarir

Verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestingsjóðir B-hluta Landsbréfa hf. greiða A-hluta Landsbréfa hf. umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörsluþóknun og umsýslu. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs.

Útvistunarsamningur vegna ýmissar þjónustu er við Landsbankann hf. og tók hann gildi á árinu. Greiðslur Landsbréfa hf. miðast við stærð sjóða.

### 1.5 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði og eru þær aðallega vegna ógreiddrar umsýslu sjóða B-hluta Landsbréfa í lok árs.

### 1.6 Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna kaupa á rekstri sjóða Landsvaka hf. þann 22. mars 2012. Kaupverð var ákveðið með tilliti til tveggja óháðra verðmata sem framkvæmd voru fyrir stjórnir félaganna. Það er mat stjórnenda að nýtingartími viðskiptavildar sé 15 ár og því er hún afskrifuð línulega í samræmi við ákvæði í ársreikningalögum.

### 1.7 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### 1.8 Skatteign

Skatteign félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Í árslok var skatteign vegna yfirfæranslegs skattalegs taps hærrí en tekjuskattsskuldbinding af efnahagsliðum og því skatteign færð til eignar. Skatteign er færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

### 1.9 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Landsbréfa hf. eru móðurfélag þess, Landsbankinn hf. ásamt systur-, dóttur- og hlutdeildarfélagum þess, stjórn Landsbréfa, lykilstjórnendur og aðilar þeim tengdir. Viðskipti við tengda aðila eru við Landsbankann hf. og Horn Fjárfestingarfélag hf. Viðskiptin við Landsbankann hf. eru í samræmi við þjónustusamning milli bankans og félagsins. Endurgjald fyrir selda þjónustu móðurfélags miðast við stærð sjóða.

## Skýringar frh.

### 2. Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld 2012      2011

Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur (-gjöld) .....	299	(61)
Gengishagnaður (-tap) .....	4.445	(43)
	4.744	(105)

### 3. Laun og launatengd gjöld 2012      2011

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	118.315	17.175
Iðgjöld til lífeyrissjóða .....	17.370	2.298
Launatengd gjöld .....	12.248	2.037
	147.933	21.510

Í árslok voru 15 starfsmenn á launaskrá auk fimm stjórnarmanna.

Starfsmenn í árslok .....	15	1
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu .....	8	1

Heildarlaun framkvæmdastjóra námu 19,5 milljónum króna á árinu 2012. Greidd laun til stjórnarmanna Landsbréfa námu 9,7 milljónum króna.

Greidd laun og hlunnindi til stjórnenda greinast þannig:

	2012	2011
Framkvæmdastjóri:		
Sigbór Jónsson .....	9.038	0
Ari Skúlason (fyrrv. framkv.stjóri) .....	4.197	0
Egill Darri Brynjólfsson (fyrrv. framkv.stjóri) .....	3.700	0
Svandís Rún Ríkarðsdóttir (fyrrv. framkv.stjóri) .....	2.610	6.875
Stjórn Landsbréfa:		
Jón Steindór Valdimarsson .....	4.395	0
Kristinn Ingi Lárusson .....	1.560	0
Sigurbjörn Jón Gunnarsson .....	1.410	0
Heiður Agnes Björnsdóttir .....	50	0
Ragnhildur Geirsdóttir (fyrrv. stjórnarmaður) .....	1.050	0
Ingunn Elín Sveinsdóttir (fyrrv. stjórnarmaður) .....	150	400
Sigurður Kári Tryggvason (fyrrv. stjórnarmaður) .....	150	200
Ljósbrá H. Baldursdóttir (fyrrv. stjórnarmaður) .....	900	2.800
	29.210	10.275

Framlag félagsins í sjálfstæða, iðgjaldatengda lífeyrissjóði vegna framkvæmdastjóra og stjórnarmanna nam 3,9 milljónum króna á árinu (2011: 1,3 millj. kr.).

### 4. Annar rekstrarkostnaður 2012      2011

Greitt til Landsbankans hf. á grundvelli útivistunarsamnings .....	179.319	0
Lögfræðikostnaður .....	9.834	0
Endurskoðun .....	8.353	3.504
Annað .....	62.496	7.097
	260.002	10.601

# Skýringar frh.

## 5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	2012	2011
Stofnverð 1.1. ....	0	2.094
Áður afskrifað alls .....	0	(593)
Afskrifað á árinu (20%) .....	0	(209)
Sala .....	0	(1.291)
Bókfært verð 31.12.2012 .....	<u>0</u>	<u>0</u>

## 6. Viðskiptavild

Viðskiptavild greinist þannig:	2012	2011
Kaupverð .....	530.000	0
Afskrifað á árinu .....	(26.500)	0
Bókfært verð 31.12.2012 .....	<u>503.500</u>	<u>0</u>

## 7. Tengdir aðilar

Félagið var með innlán hjá móðurfélagi sínu á árinu 2012 og fékk vaxtatekjur af þeim reikningum í samræmi við eðlilega viðskiptaskilmála. Einnig er félagið með viðskipti við systurfélag sitt, Horn Fjárfestingarfélag hf.

Í rekstur og efnahag hafa verið færð eftirfarandi viðskipti við tengda aðila 31.12.2012:

	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf. ....	364	180.311	76.287	61.104
Horn Fjárfestingarfélag hf. ....	55.149	12.868	52.977	4.528

Í rekstur og efnahag hafa verið færð eftirfarandi viðskipti við tengda aðila 31.12.2011:

	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf. ....	0	405	8.465	0

## 8. Skattar

	2012	2011
Reiknaður tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi greinist þannig:		
Breyting á skattskuldbindingu .....	1.742	5.881

Skatteign greinist þannig:	31.12.2012	31.12.2011
Skatteign í byrjun árs .....	10.761	4.879
Reiknaður skattur ársins .....	(1.742)	5.881
Skatteign í árslok .....	<u>9.019</u>	<u>10.761</u>

Skatteign skiptist þannig á milli liða:

Viðskiptavild .....	(15.900)	0
Frestaður gengismunur .....	(590)	26
Yfirfæranlegt tap .....	25.509	10.735
Skatteign í árslok .....	<u>9.019</u>	<u>10.761</u>

# Skýringar frh.

## 9. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins nam í árslok 34 milljónum króna samkvæmt samþykktum félagsins. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Hlutafé	Yfirverð	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2011 .....	32.000		(19.551)	12.449
Innborgað hlutafé .....	1.000	29.000		30.000
Tap ársins .....			(23.543)	(23.543)
Eigið fé 31.12.2011 .....	33.000	29.000	(43.095)	18.905
Eigið fé 1.1.2012 .....	33.000	29.000	(43.095)	18.905
Innborgað hlutafé .....	1.000	659.000		660.000
Hagnaður ársins .....			6.948	6.948
Eigið fé 31.12.2012 .....	34.000	688.000	(36.147)	685.853

## 10. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, er 78,68% en lágmarks eiginfjárlutfall samkvæmt lögum er 8%.

Eiginfjárlutfallið reiknast þannig:	2012	2011
Eigið fé .....	685.853	18.905
Skatteign .....	(9.019)	(10.761)
Viðskiptavild .....	(503.500)	0
Eiginfjárgrunnur .....	<b>173.334</b>	<b>8.144</b>

Heildar eiginfjárfkrafa greinist á eftirfarandi hátt:

Útlánaáhætta .....	17.623	140
Markaðsáhætta .....	0	0
Rekstraráhætta .....	-	-
Eiginfjárfkrafa samtals .....	<b>17.623</b>	<b>140</b>

Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall 78,68% 466%

Samkvæmt 84. grein laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs. Eigið fé Landsbréfa var við áramót 39,9% af rekstrarkostnaði síðasta árs.

### Útlánaáhætta

Eiginfjárfkrafa vegna útlánaáhattu reiknast af handbæru fé um áramót. Landsbréf hafa sett sér reglur hvað varðar lausafjárstýringu og eru þær hluti af Almennum áhættureglum félagsins. Handbært fé um áramót var 76,3 milljónir og var stýring á því í samræmi við reglur félagsins.

### Markaðsáhætta

Ekki reiknast markaðsáhætta af eignum félagsins um áramót.

# Skýringar frh.

---

## 10. Eiginfjárlutfall frh.

### Rekstraráhætta

Samkvæmt 2. mgr. 84. greinar laga nr. 161/2002 eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstraráhættu við útreikning á eiginfjárgrunni. Það þýðir þó ekki að félagið fylgist ekki með þessari áhættu í rekstri sínum. Þvert á móti hefur félagið skilgreint allar helstu áhættur sem starfsfólk þess hefur greint í rekstri þess og útbúið ítarlega viðbragðsáætlun vegna þeirra. Starfsfólk félagsins er stöðugt á varðbergi vegna rekstraráhættu og reynir að lágmarka hana með fyrirbyggjandi aðgerðum.

## 11. Aðrar upplýsingar

### Eignir í stýringu

Heildarfjárhæð eigna viðskiptamanna í sjóðum reknum af félaginu var í lok ársins 56,1 milljarðar króna. Félagið var jafnframt með 26,2 milljarða í eignastýringu fyrir viðskiptamenn félagsins.

### Önnur mál

Félagið á sem stendur í einu dómsmáli. Það er vegna fagfjárfestisjóðsins LSF III. Sá sjóður átti skuldabréf útgefin af Kaupþingi hf. við hrun hans og hafði jafnframt gert afleiðusamning við þann banka. Dómsmálið snýst um kröfu Kaupþings hf. vegna meintrar neikvæðrar stöðu afleiðusamningsins fyrir sjóðinn við hrun bankans. Þá hefur Kaupþing hf. hafnað mögulegri skuldajöfnun sjóðsins í tengslum við málið. Stjórnendur Landsbréfa telja að þetta mál hafi óverulega þýðingu fyrir rekstur félagsins.

Verðbréfasjóðir Landsbréfa hf.

Ársreikningur 2012



# Rekstrarreikningur 2012

